

Fimmtudaginn 17. janúar 1991.

Nr. 5/1990.

**Félag bókagerðarmanna**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.**

**Félags íslenska prentiðnaðarins**

(Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Yfirvinnukaup. Bókagerðarmenn.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 30. október 1990.

Stefnandi er Félag bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila frá 25. mars 1988, að aukavinna skuli aldrei greidd með lægra álagi en 100% á dagvinnukaup í hverjum flokki, miðað við 40 stunda vinnuviku, hvort sem dagvinnukaup fer eftir lágmarkskaupi kauptaxta eða yfirborgun.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda, að með orðunum „í hverjum flokki“ í gr. 2.7. í kjarasamningi aðila, sé átt við gildandi launaflokka samkvæmt kjarasamningi aðila, óháð kaupri hvers og eins starfsmanns skv. ráðningarsamningi.
3. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi málsaðila sé svohljóðandi ákvæði:

„Aukavinnukaup: Aukavinna skal greidd með 100% álagi á dagvinnukaup í hverjum flokki, sem miðast við 40 stunda vinnuviku (deilitala 40).“

Frá árinu 1937 hafi verið ákvæði í kjarasamningum málsaðila um aukavinnu. Í 2. gr. kjarasamningsins frá 1937 segi t.d., að fyrstu 4 tímarnir eftir vinnuhættur borgist með viðbótinni 35 á hundrað. Aukavinna eftir þann tíma og til vinnubyrjunar næsta dag borgist með 100 á hundrað. Núgildandi ákvæði um aukvinnukaup hafi komið inn í kjarasamninga málsaðila á árinu 1970. Samkvæmt 13. gr. þess kjarasamnings skyldi aukavinna greidd með 93% álagi á dagvinnukaup í hverjum flokki, sem miðast við 41 stundar vinnuviku (deilitala 40). 1971 hafi álag þetta verið hækkað í 100%, og hafi verið þannig síðan.

Stefnandi hafi ávallt verið þeirrar skoðunar að með orðalaginu „í hverju flokki“ sé átt við þau laun, sem hver og einn hefur fyrir 40 klst. dagvinnu, hvort heldur þau laun fara eftir kauptaxta og lágmarkslaunum kjarasamnings eða yfirborgun. Ákvæði greinarnnar leggi þær skyldur á stefndu að greiða alla aukavinnu með eigi lægra en 100% álagi á dagvinnukaup, hvernig sem dagvinnukaup er fundið, þ.e.a.s., hvort sem það fer eftir kjarasamningi eða er yfirborgað eftir persónulegum ráðningarsamningi við launþega. Ágreiningur hafi þó ekki verið með málsaðilum um túlkun þessarar greinar, vegna þess að ekki hafi legið fyrir upplýsingar um aukavinnukaup, þegar um er að ræða persónulegar yfirborgarnir. Í kjarasamningi málsaðila frá árinu 1987 sé hins vegar tekið upp ákvæði í 4. gr. um kjarakannanir. Samningsaðilar hafi þá orðið sammála um að láta framkvæma og birta niðurstöðu kjarakannana tvisvar til fjórum sinnum á ári eftir atvikum til þess að gefa samningsaðilum sem gleggsta mynd af öllum þeim launum, sem greidd eru á hverjum tíma í starfsgreinunum. Þetta ákvæði sé í samræmi við sambærilega kjarakönnun, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands beittu sér fyrir árið 1986 í því skyni að færa kauptaxta nær greiddu kaupi og auka hlut fastra launa í heildartekjum. Eftir kjarakönnun í september 1987 hafi farið að bera á ágreiningi með málsaðilum um túlkun á umræddri grein, sem leiddi til þess, að stefnandi sendi út með kauptaxta í mars 1988 leiðbeiningar um aukavinnugreiðslu, þar sem aukavinna er í öllum tilfellum 100% ofan á vikukaup í dagvinnu. 11. mars 1988

hafi stefndi svarað þessari tilkynningu og telji þessi dæmi ekki í neinu samræmi við nýgerða kjarasamninga. 14. mars 1988 hafi stefnandi enn sent bréf til stefnda varðandi þessa túlkun og vísar afstöðu Félags íslenska prentiðnaðarins á bug. Ágreiningur málsaðila sé óleystur enn í dag.

Enda þótt vitað væri, að margir atvinnurekendur í greininni framkvæmdu og túlkuðu umrætt ákvæði kjarasamningsins á sama veg og stefnandi, hafi kjarakönnun í janúar 1990 leitt í ljós mjög alvarlegt ósamræmi milli dagvinnukaups og aukavinnukaups. Hinn 20. mars sl. hafi Félag prentiðnaðarins sent út Félagsfréttir félagsins, þar sem því er haldið fram „vegna rangrar túlkunar Félags bóka-gerðarmanna í gr. 2.7. á bls. 11 í samningunum“, að umsamið 100% álag vegna aukavinnu skuli einungis reiknað á þau dagvinnulaun, sem eru skráð í launaskrá eða kauptöxtum beggja félaganna, nema öðruvísi sé um samið í persónubundnum ráðningarsamningi við launþega. Við samningagerð milli félaganna hafi aldrei verið fallist á né skrifað undir neitt annað. Kjarasamningar milli vinnuveitenda og stéttarféлага séu einungis samningar um lágmarkskjör. Um yfirborganir á dagvinnu og aukavinnu, ef um þær er að ræða, fari eftir samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda, en ekki eftir kjarasamningum málsaðila. Hinn 28. september sl. sendi stefnandi stefnda, Félagi íslenska prentiðnaðarins, bréf, þar sem þessari túlkun í Félagsfréttum er mótmælt harðlega og á það bent, að túlkun stefnanda sé önnur. Orðalagið „í hverjum flokki“ standi fyrir þau laun, sem hver og einn hefur fyrir 40 klst. dagvinnu, án tillits til þess, hvort þau eru í kauptaxtanum eða ekki. Ákvæði gr. 2.7. leggi þær skyldur á atvinnurekendur í greininni að greiða alla aukavinnu með eigi lægra en 100% álagi (ákvæði kjarasamninga er lágmark) á dagvinnukaup, hvernig sem dagvinnukaup sé fundið.

Málsástæður og lagarök.

Í máli þess, sem höfðað er á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. 1., nr. 80/1938, reisir stefnandi kröfugerð sína á því, að skilningur stefnda á ágreiningsefninu fái ekki staðist, hvorki samkvæmt orðanna hljóðan né eðli máls. Í 2. kafla kjarasamnings málsaðila séu ákvæði um lágmarkslaun starfsfólks í greininni miðað við 40 stunda dagvinnu á viku. Í kjarasamningi séu hins vegar engin ákvæði um aukavinnukaup önnur en þau í gr. 2.7., sem ágreiningur sé um. Útgefnir kauptaxtar hafi hins vegar að geyma þessi dagvinnulaun

(lágmarkslaun) með þeim breytingum, sem á þeim verða á samnings-  
 tímanum, og þar sé aukavinnukaup verðlagt með 100% álagi á  
 þennan grunntaxta. Vegna þess að ákvæði kjarasamninga málsaðila  
 sé um lágmarkskjör, viðgangist yfirborganir með ýmsu móti í starfs-  
 greininni og séu mismiklar. Yfirborganir þessar fari oftast þannig  
 fram, að starfsmaður og atvinnurekandi komi sér saman um  
 ákveðna fjárhæð sem viku- eða mánaðarlaun. Oftar en ekki sé  
 vikukaupið ekki í neinum sérstökum tengslum við uppgefnar launa-  
 töflur í kauptaxta. Stefnandi lítur svo á, að atvinnurekendur í grein-  
 inni séu bundnir þannig, að ákvæði gr. 2.7. í gildandi kjarasam-  
 ningum, að aukavinnukaup skuli vera 100% álag á umsamið dag-  
 vinnukaup. Atvinnurekendur eigi að þekkja umrætt ákvæði kjara-  
 samningsins og verði að gera ráð fyrir þeirri skyldu í samningum  
 við starfsmenn sína að raska ekki hlutfalli milli dagvinnu og auka-  
 vinnu. Stefnandi leggur áherslu á, að gæta verði þess, að hlutfall  
 þetta haldist. Tilgangur þessa ákvæðis eins og annarra í kjarasam-  
 ningnum sé sá að sporna við óhóflegri yfirvinnu, gera hana dýrari  
 og verðleggja hátt aukið vinnuframlag umfram daglega vinnuskyldu  
 samkvæmt lögum um 40 stunda vinnuviku. Ef skilningur stefnda  
 sé réttur, geti aukavinnuálag, sem aðeins er 100%, ofan á lágmarks-  
 laun samkvæmt kauptaxta án tillits til raunverulegs dagvinnukaups  
 viðkomandi, hreinlega orðið að engu, ef um verulega yfirborgun  
 dagvinnu er að ræða, eins og víða tíðkast. Dagvinnukaup í skilningi  
 2.7. hljóti að vera það kaup, sem hver og einn nýtur, með eða án  
 yfirborgunar, þannig að hlutfall milli dagvinnu og aukavinnu  
 haldist. Samkvæmt kjarakönnun í janúar 1990 séu laun iðn-  
 sveina og laun við taxtainnritanir allt frá kr. 57.473.- til kr.  
 142.492.-. Það gefi því auga leið, að þegar starfsmenn eru komnir  
 yfir kr. 130.000.- í dagvinnulaun á mánuði miðað við 173 tíma að  
 meðaltali í hverjum mánuði, sé aukavinnukaup eftir túlkun Félags  
 prentiðnaðarins orðið lægra en dagvinnukaup, og slíkt fái ekki  
 staðist.

## II.

Stefndi kveður málavexti þá, að í gr. 2.7. í kjarasamningi bóka-  
 gerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins sé sérstakt ákvæði  
 um útreikning aukavinnukaups (yfirvinnukaups), þ.e. yfirvinnu-  
 taxa samkvæmt kjarasamningi aðila.

Fyrrgreint ákvæði hafi verið óbreytt í kjarasamningi aðila tæp-

lega 20 ár og aldrei valdið neinum ágreiningi eða erfiðleikum í samskiptum atvinnurekenda og launamanna.

Yfirborgarir í einni eða annarri mynd hafi verið mjög algengar meðal bókagerðarmanna allt þetta tímabil. Um þessar yfirborgarir hafi vinnuveitendur og einstakir bókagerðarmenn samið í ráðningarsamningum sín á milli án nokkurra afskipta af hálfu FÍP eða FBM, enda sé það hvorki hlutverk samtaka vinnuveitenda né launafólks að hindra yfirborgarir umfram kauptaxta kjarasamninga.

Yfirvinna hafi ætíð verið mikil og árstíðabundin meðal starfsfólks í prentiðnaði. Launagreiðslur vegna yfirvinnu vegi því þungt í rekstri prentfyrirtækja. Það hafi því verið mjög algengt í yfirborgunarsamningum starfsmanna og raunar regla í sumum fyrirtækjum, að samið sé sérstaklega um yfirvinnukaup einstakra starfsmanna, þó þannig, að aldrei sé greiddur lægri yfirvinnutaxti en kjarasamningar kveði á um. Yfirborgarir hafi verið framkvæmdar með þessum hætti í starfsgreininni allt frá árinu 1970 og raunar fyrir þann tíma. Þessi framkvæmd hafi verið óumdeild eða a.m.k. verið látin átölulaus af hálfu bókagerðarmanna fram til ársins 1988.

Það hafi komið atvinnurekendum og Félagi íslenska prentiðnaðarins í opna skjöldu, þegar Félag bókagerðarmanna dreifði með kaupskrá sinni í lok mars 1988 dæmablaði um útreikning aukavinnukaups. Það dæmablað hafi verið þeim mun óskiljanlegra, þegar haft sé í huga, að nokkrum dögum áður eða þann 25. mars 1988 höfðu FBM og FÍP undirritað kjarasamning sín í milli. Í þessum kjarasamningi var gr. 2.7. í engu breytt, og raunar muni enginn í samninganefnd FÍP, að yfirvinnukaup hafi við þá samningsgerð verið sérstaklega rætt við FBM. Félag íslenska prentiðnaðarins mótmælti þessum aðgerðum FBM harðlega með bréfi frá 11. apríl 1988.

Í lok apríl 1989 fóru fram samningaviðræður við FBM um nýjan kjarasamning, en kjarasamningur aðila frá 25. mars 1988 var laus frá 31. mars. Lauk þeim viðræðum með undirritun kjarasamnings þann 2. maí 1989, og var gildistími hans til ársloka 1990. Í þessum kjarasamningi var yfirvinnuákvæði kjarasamningsins (gr. 2.7.) í engu breytt og raunar ekkert rætt.

Kjarasamningur aðila frá 2. maí 1989 var síðan endurnýjaður með kjarasamningi frá 1. febrúar 1990, og er gildistími hans til 15.

september 1991. Í þessum kjarasamningi eru reglur um útreikning yfirvinnukaups skv. kjarasamningi einnig óbreyttar frá því, sem verið hefur síðustu 20 ár.

Í mars 1990 hafi Félag bókagerðarmanna aftur hafið dreifingu á röngum upplýsingum um túlkun gr. 2.7. í kjarasamningi. Þessi undirróður stefnanda olli óróa meðal starfsmanna í aðildarfyrirtækjum stefnda. Framkvæmdastjóri FÍP vakti athygli aðildarfyrirtækja FÍP á athöfnum stefnanda í fréttablaði Félags íslenska prent- og útgáfuveris, sem gefið var út 10. mars 1990. Í Félagsfréttum FÍP voru atvinnurekendur varaðir við þessum undirróðri FBM og sá skilningur FÍP á kjarasamningi aðila ítrekaður, að atvinnurekendur væri ekki skylt að yfirborga yfirvinnutaxta kjarasamningsins, nema þeir hefðu tekið á sig slíka skyldu í ráðningarsamningi starfsmanns.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda fái með engu móti samrýmt orðalagi gr. 2.7. í kjarasamningi aðila eða hafi stöð í öðrum greinum hans.

Í grein 2.1. í kjarasamningi aðila séu ákvæði um lágmarksvikulaun bókagerðarmanna. Starfsmönnum sé skv. þessari grein kjarasamningsins ráðað í launaflokka eftir menntun, ábyrgð og starfsaldri. Í grein 2.7. sé því síðan lýst, hvernig yfirvinnukaup sé fundinn. Deilt sé með deilitölunni 40 í umsamið vikukaup skv. kjarasamningi aðila til að finna út dagvinnutaxta. Aukavinna sé síðan greidd með 100% álagi á dagvinnukaup skv. hverjum launaflokki.

Með orðalaginu „í hverjum flokki“ sé því verið að vísa til umsaminnna lágmarks-launaflokka í gr. 2.1. í kjarasamningi aðila. Í þeirri grein hafi samningsaðilar samið um launaflokka bókagerðarmanna og röðun þeirra í þá.

Sú fullyrðing stefnanda, að með orðalaginu „í hverjum flokki“ í grein 2.7. sé átt við raunveruleg laun hvers og eins starfsmanns skv. ráðningarsamningi, sé ekki annað en útúrsnúningur. Kröfugerð og orðskýringar stefnanda séu út í bláinn, enda hvorki í samræmi við kjarasamning aðila, almenna skynsemi né málnotkun.

Hafi það verið ætluð samningsaðila að skylda atvinnurekendur til að borga 100% álag á dagvinnukaup hvers og eins starfsmanns, hefði það verið sagt berum orðum í texta greinarinnar. Með orðalaginu „í hverjum flokki“ sé gagnstætt því, sem stefnandi heldur

fram, beinlínis verið að vísa til umsaminna launaflokka í kjarasamningi aðila og taka af allan vafa um það, hvernig yfirvinnukaup skv. kjarasamningi aðila sé fundið.

Kjarasamningar stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda séu eðli sínu skv. einungis samningar um lágmarkslaunataxta, sbr. 7. gr. 1. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Túlkun stefnda á gr. 2.7. sé í samræmi við þetta eðli og inntak kjarasamninga. Tilgangur kjarasamnings aðila sé eins og annarra kjarasamninga að skapa almennan ramma eða grunn fyrir atvinnurekendur og launamenn til að byggja á. Kjarasamningar leggi á hinn bóginn eðli sínu samkvæmt engin höft á yfirborgunir í ráðningarsamningum umfram umsamda kauptaxta. Semji vinnuveitendur og einstakir launamenn um yfirborgun umfram launataxta kjarasamnings, fari um eðli og innihald þeirrar yfirborgunar eftir ráðningarsamningi starfsmanns og vinnuveitanda.

Fullyrðingar stefnanda um það, að stefndi hafi gengist undir þá skyldu, að yfirvinnukaup skuli ávallt vera ákveðið hlutfall (100%) af dagvinnukaupi starfsmanna án tillits til þess, hvort starfsmaður njóti yfirborgunar á dagvinnutaxta eða ekki, séu hreinn tilbúningur af hálfu stefnanda. Þetta segi hvergi í kjarasamningi aðila, hvorki gr. 2.7. né öðrum greinum hans. Í grein 2.7. segi það eitt, að yfirvinnukaup skv. kjarasamningi skuli greitt með 100% álagi á dagvinnutaxta skv. kjarasamningi. Í greininni sé hvergi sagt eða minnst á, að sama hlutfall skuli gilda í einstaklingsbundnum ráðningarsamningum, þar sem um yfirborgun sé að ræða.

Því sé harðlega mótmælt, að stefnandi hafi ekki vitað eða mátt vita um túlkun stefnda á gr. 2.7. í kjarasamningi bókagerðarmanna fyrr en á árinu 1987, þegar niðurstöður sameiginlegrar launakönnunar aðila voru birtar. Sú kjarakönnun hafi ekki verið fyrsta kjarakönnunin, sem framkvæmd var í prentiðnaði.

Stefnandi hafi auk þess ávallt nýtt sér þann rétt sinn skv. 9. - 12. gr. laga 80/1938 og 9. kafla kjarasamnings aðila að tilnefna trúnaðarmenn á vinnustöðum í starfsgreininni. Eitt mikilvægasta hlutverk trúnaðarmanna sé að fylgjast með því, að gildandi kjarasamningar aðila séu virtir í samskiptum vinnuveitenda og launamanna, sbr. 10. gr. laga 80/1938. Kjarasamningar aðila síðastliðin 4 ár hafi einnig beinlínis haft það að markmiði að færa kauptaxta nær greiddu kaupi. Báðir aðilar hafi þannig gert sér fulla grein fyrir

því, að miklar yfirborganir væru í starfsgreininni og þær væru með ýmsum hætti. Grein 2.7. í kjarasamningi aðila hafi ávallt verið túlkuð svo af hálfu stefnda, að hún leggi engar skyldur á atvinnurekendur til að yfirborga yfirvinnutaxta, nema þeir hafi sjálfir tekið á sig slíka skyldu í ráðningarsamningi við starfsmann. Þannig hafi greinin einnig verið framkvæmd í starfsgreininni.

Stefnandi, Félag bókagerðarmanna, hafi gert þrjá kjarasamninga við stefnda, frá því að honum varð, að eigin sögn, ljós skilningur stefnda á gr. 2.7. í kjarasamningi aðila. Stefnandi hafi ekki séð ástæðu til að hafa uppi þá kröfur, sem hann geri í þessu máli í þeim samningaviðræðum, sem fóru fram fyrir gerð þessara kjarasamninga. Aðgerðaleysi og tómlæti stefnanda sýni í ljósi áratuga framkvæmdar stefnda, að hann hafi sætt sig við framkvæmd stefnda á umræddu ákvæði.

Stefndi byggir gagnkröfu sína á 1. og 2. tl. 44. gr., sbr. 53. gr. 1. 80/1938. Gagnkrafan byggir á þeim skilningi stefnda, að honum sé ekki skylt að yfirborga yfirvinnutaxta skv. kjarasamningi aðila. Gagnkrafan eigi sér stoð í orðalagi greinarinnar og áratuga framkvæmd stefnda og atvinnurekenda á greininni. Þann skilning hafi stefnandi viðurkennt í verki með athöfnum sínum og athafnaleysi.

### III.

Aðilar hafa lagt fyrir dóminn að skera úr um mismunandi skilning sinn á gr. 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila frá 25. mars 1988.

Í þessu máli er raunverulega deilt um það, hvort umsamdar yfirborganir á dagvinnukaup bókagerðarmanna taki með hliðstæðum hætti til launa fyrir aukavinnu. Yfirborganir eru launaávinningur umfram kauptaxta kjarasamnings, sem um er samið munnlega eða skriflega milli einstakra launþega annars vegar og vinnuveitanda hins vegar. Yfirborganir eru tíðast hluti ráðningarsamnings.

Í grein 2.7. í gildandi kjarasamningi aðila er kveðið á um auka-  
vinnuálag á dagvinnukaup í hverjum flokki. Verður að líta svo á, að þar sé átt við launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins með þar tilgreindum launum, en ekki launafjárhæðir, sem stofnað er til með yfirborgunum, enda eru slíkar greiðslur utan við svið kjarasamninga.

Á þessum grundvelli verður að hafna dómkröfum stefnanda í meginatriðum, en taka efnislega undir dómkröfu stefnda í tölulíð



2. í kröfugerð hans. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 70.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi málsaðila tekur til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gildir ekki um yfirborganir.

Stefnandi, Félag bókagerðarmanna, greiði stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins, kr. 70.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. apríl 1991.

Nr. 1/1991.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.),

**Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands**

(Valborg Snævarr cand.jur.)

**og Félagi háskólakennara**

(enginn).

Dómarar.

**Úrskurður Félagsdóms.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 11. apríl s.l., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.